



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Reglugerð um heimildir einkaaðila til að birta gögn í stafrænu pósthólfi

Samráð hófst

6. júlí 2022

Samráði lauk

19. ágúst 2022

Fjöldi umsagna

7

Umsagnaraðilar

Landssamtök lífeyrissjóða, Samtök fjármálfyrirtækja, Creditinfo – Lánstraust hf., Landssamtökin Þroskahjálp, Samtök fjármálafyrirtækja, Þorsteinn Júlíus Árnason f.h. Motus ehf. og Lögheimtunnar ehf. og Hagsmunasamtök heimilanna.

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) benda í umsögn sinni á nauðsyn þess að lífeyrissjóðir hafi heimild til að birta gögn á vefsvæði sem krefst auðkenningar.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) leggur áherslu á að allir aðildarfélagar sínir fái aðgang að birtingu í pósthólfinu á grundvelli jafnræðisreglu miðað við lífeyrissjóði.

Þroskahjálp leggur áherslu á að jafnræði fyrir alla sé tryggt, s.s. á grundvelli tölvufærni eða aðgengis og bendir á nauðsyn þess að birting með bréfapósti verði áfram í boði ef einstaklingar kjósa sem svo.

Þorsteinn Júlíus Árnason bendir á mikilvægi þess að til viðbótar við löginneheimtu verði heimilt að gögn vegna frum- og milliinnheimtu verði leyfileg í pósthólfinu.

Creditinfo – Lánstraust hf. leggur áherslu á að tilkynningarbréf vegna breytinga á vanskilaskrá og uppflettingum í henni verði leyfileg í pósthólfinu.

Hagsmunasamtök heimilanna eru mótfallin reglugerðinni á grundvelli þess að hún styrki rétt stefnenda að elta hina stefnu réttarfarslega, en kalla eftir því að ef hún verður samþykkt, að rafræn birting á stefnum hafi ekki réttaráhrif nema viðtakandi hafi staðfest móttöku með rafrænum hætti.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið tekur undir sjónarmið flestra ábendinga.

Birting í stafræna pósthólfinu hefur réttaráhrif líkt og lög um pósthólfið kveða á um og miðast þau við móttöku í hólfið. Fyrirliggjandi drög að reglugerð um heimildir einkaaðila til að birta gögn í stafræna pósthólfinu mæla fyrir um þá aðila sem rétt þykir að heimila umrædda birtingaraðferð til viðbótar opinberum aðilum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf, í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Drögin takmarkast annars vegar við lífeyrissjóði og hins vegar þá aðila sem sinna löginneheimtu.

Varðandi heimildir lífeyrissjóða, sbr. umsögn LL, var heimild af því tagi sem kallað er eftir í umsögninni lögð til í frumvarpi sem ráðherra lagði fram á Alþingi vorið 2022. Frumvarpið náði ekki fram að ganga en verður endurflutt haustið 2022.

Varðandi heimildir sem tengjast gögnum frá fjármálafyrirtækjum, sbr. umsögn SFF og skyldubundnar sendingar samkvæmt starfsleyfum Persónuverndar, sbr. umsögn Creditinfo-Lánstrausts hf., er ekki gert ráð fyrir birtingu slíkra gagna í pósthólfinu að sinni. Heimildir sem reglugerðardrögin gera ráð fyrir verða endurskoðaðar þegar innleiðingu pósthólfsins hjá opinberum aðilum er lokið, í fyrsta lagi í árslok 2024.

Um skilgreiningu löginneimtu vísast til 2. málsl. 1. mgr. 24. gr. a. laga nr. 77/1998 um lögmenn. Rétt þykir að vekja athygli á því að frum- og milliinneimta fellur utan gildissviðs reglugerðardraganna og í ljósi þess að flestar löginneimtur byggja á beinni aðfarar- og/eða nauðungarsöluheimild, þ.e. án undangengins dóms eða dómsáttar, verða stefnur ekki verði birtar í stafræna pósthólfinu að óbreyttu. Ákvæði verður bætt við reglugerðardrögin til að taka af vafa þar um og verður slík tillaga birt til samráðs í samráðsgáttinni, sem verður þó í fyrsta lagi árið 2025.. Við þær aðstæður þegar löginneimta hefst fyrir sýslumanni af framangreindum ástæðum, er ekki um að ræða birtingu stefna heldur fyrst og fremst birting gagna, svo sem greiðsluáskorana, sem þurfa að fylgja beiðni til sýslumanns og marka að vissu leyti upphaf löginneimtunnar ásamt einstaka tilkynningum um rekstur máls eða málalýktir. Inneimtuaðilar munu ekki þurfa stefna gerðarpola til að mæta til fyrirtöku hjá sýslumanni, enda falli það í hlut sýslumanns að jafnaði að tilkynna um stað og stund þegar málið verður tekið fyrir. Þannig verður ekki séð að athugasemd Hagsmunasamtaka heimilanna krefjist sérstakra viðbragða eða breytinga á fyrirbyggjandi reglugerðardrögum.

Vinna stendur yfir í dómsmálaráðuneytinu við að greina ítarlega þau gögn sem birt verða af hálfu ráðuneytisins og embætta sem undir það heyra í pósthólfinu, og þá sérstaklega þeirra sem birtingu fylgja réttaráhrif eða birting hefur með einum eða öðrum hætti áhrif á málsmeðferðina. Er þá vísað til samspils réttarfarslaga og laga um pósthólfið. Þannig er ekki gert ráð fyrir birtingu á mengi gagna á borð við stefnur í hólfinu fyrr en vinnu dómsmálaráðuneytisins lýkur. Í slíku tilfelli verður tillaga þar um birt til samráðs í samráðsgáttinni. Markmiðið er ávallt að tryggja betra öryggi viðkvæmra gagna, auka yfirsýn og bæta þjónustu við þá aðila sem einhverja hluta vegna eiga samskipti við stjórnvöld og dómstóla í þessum tegundum mála. Til lengri tíma og þegar birtingarnar hafa verið greindar með fullnægjandi hætti, þykir ljóst að almenningur hafi ótvíræða hagsmuni af því að fá gögnin birt sér í stafræna pósthólfi stjórnvalda.

Rétt þykir að benda á nokkur atriði sem fram koma í lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021. Innleiðing opinberra aðila á birtingu í stafræna pósthólfinu skal vera lokið í árslok 2024. Í ljósi þess þykir ljóst að þungi innleiðingar opinberra aðila verður líklega á árinu 2024. Þrátt fyrir að í þessari reglugerð sé skilgreint hvaða einkaaðilar fái heimild til birtingar nú er á engan hátt útilokað að þeirri afmörkun verði breytt þegar meiri reynsla er komin á notkun pósthólfsins, bæði af hálfu birtingaraðila og viðtakenda. Þannig er það afstaða fjármála- og efnahagsráðuneytisins að heimildir einkaaðila til birtingar í stafræna pósthólfinu á þessu stigi, miðað við reglugerðardrögin, verði óbreyttar.

Í lögum um stafrænt pósthólf er jafnframt rætt um gjaldtöku vegnar birtingar. Þar segir að ákvörðun um gjaldtöku vegna bréfasendinga sé ákvörðun viðkomandi birtingaraðila. Á innleiðingartímabili pósthólfsins verða slíkar útfærslur metnar og kynntar nánar eftir atvikum. Ekki er þannig gert ráð fyrir gjaldtöku af neinu tagi fyrr en í fyrsta lagi 2025, en þá í kjölfar ákvörðunar birtingaraðila. Samhliða birtingu reglugerðarinnar verða gefnar út leiðbeiningar til opinberra aðila sem hyggjast innleiða pósthólfið, en nú þegar hafa margir þeirra nú innleitt það.

Á innleiðingartímabilinu er jafnframt gert ráð fyrir að hægt verði að skrá sig inn á pósthólfið með Íslykli, en að því loknu verði skráning eingöngu möguleg með rafrænum skilríkjum. Það er þó ákvörðun ábyrgðaraðila gagna að skilgreina hvaða öryggisstigs er krafist fyrir viðkomandi gögn og því getur Íslykillinn í einhverjum tilfellum mögulega ekki reynst fullnægjandi skilríki / innskráningarleið fyrir þau. Einnig er rétt að benda á að innleiðing umboðskerfis er nú í gangi. Umboðskerfinu er ætlað að mæta þörfum þeirra sem hafa takmarkaða getu, hvort heldur hún er fjárhagsleg, félagsleg, tæknileg eða líkamleg. Þannig getur einstaklingur veitt aðstandanda eða öðrum einstaklingi umboð og aðgang að efni inn á island.is, þ.m.t. stafræna pósthólfinu.

Þá skal sagt að einstaklingar munu geta kosið að fá sendar tilkynningar með bréfapósti, kjósi þeir það með því að merkja við þá stillingu sérstaklega.

Ráðuneytið telur samkvæmt framansögðu ekki þörf á efnislegum breytingum á reglugerðardrögunum í kjölfar samráðs.